

Hver á að borga?

Eftir Bjarnheiði Hallsdóttur

Eftir Bjarnheiði Hallsdóttur: "Það virðist þó vera að það mikilvægasta hafi setið verulega á hakanum og það er að huga að sjálfu aðdráttaraflinu, auðlindinni, söluvörðunni."

Eitt brýnasta úrlausnarefni ferðapjónustunnar í dag er að útkljá það hvernig á að búa landið og náttúruþerlum undir heimsóknir og umferð ferðamanna, jafnt innlendra sem erlendra. Hagsmunirnir eru fjölmargir, skoðanimar mismunandi og hugmyndir að lausnum af ýmsu tagi. Ferðapjónustan stendur um þessar mundir á krossgötum. Gestir til landsins hafa aldrei verið fleiri en á árinu 2013, tekjum af greininni aldrei meiri og það er sömuleiðis margt sem bendir til að ferðapjónustan hafi á árinu 2013 verið stærsta útflutningsgrein þjóðarinnar í fyrsta sinn.

Þessi vöxtur hefur komið mörgum á óvart, en við höfum vissulega verið dugleg við að bjóða gestum heim, verðið á ferðum til Íslands lækkaði í kjölfar hrunsins og svo höfum við af ýmsum ástæðum fengið mikla athygli í heimspressunni undanfarnar misseri.

Sömuleiðis hafa Íslendingar sjálfir líklega aldrei verið duglegri við að ferðast um landið þvert og endilangt. Við höfum verið og erum að undirbúa ferðir fleiri gesta um landið með ýmsum hætti – erum t.d. að mennta og þjálfar starfsfólk, fjárfesta í gistirými sem aldrei fyrr, sem og hinum ýmsu tólum og tækjum til að flytja og skemmta ferðamönnum. Það virðist þó vera að það mikilvægasta hafi setið verulega á hakanum og það er að huga að sjálfu aðdráttaraflinu, auðlindinni, söluvörðunni sem dregur langstærstan hluta ferðamannanna til landsins og um landið. Sjálfri náttúrunni. Hvað þetta varðar höfum við ekki unnið okkar heimavinnu sem skyldi – það er vart til fyrirmyndar að bjóða heim gestum og vera svo ekki búin að undirbúa komu þeirra og dvöl nema að hluta til. Það er meira að segja sums staðar farið að örla á pírangi og óvild í garð ferðamanna, sérstaklega þeirra erlendu – sem eru sagðir vera með „ágang“ og „traðka niður“ náttúruna. Þetta er í sjálfu sér fátíðleg umræða. Við höfum alla burði til að taka með sæmd á móti margfalt fleiri ferðamönnum ef við bara tökum til hendinni heima hjá okkur og undirbúum okkur fyrir komu þeirra og stýrum umferðinni.

Í grunninn er málið einfalt. Það eru allir sammála um að við þurfum að bretta upp ermar og að við þurfum miklu meira fé til standa að uppbyggingu og verndun núverandi ferðamannastaða og þeirra staða sem við viljum markaðssetja sem slíka í framtíðinni. Við höfum tvo möguleika, annars vegar þann að fjármögnun komi beint úr ríkiskassanum (sem mörgum finnst eðlilegt miðað við framlag atvinnugreinarinnar í hann og þann stuðning sem aðrar atvinnugreinar njóta) og hins vegar þann að innheimta einhvers konar gjald af ferðamönnum sjálfum, hvaða nafni sem það kann að nefnast og hvaða útfærsla sem yrði valin.



Bjarnheiður Hallsdóttir

Þetta mál er risastórt, það varðar almannahagsmuni og velferð allrar þjóðarinnar. Það er margslungið og hvor leiðin sem farin verður mun verða afdrifarík. Mun flóknari og áhættusamari er síðarnefnda leiðin, sem er gjaldtaka af ferðamönnum. Verði hún farin mun hún hafa margvísleg áhrif, t.d. á ímynd landsins og marga markaðslega þætti, t.d. verðmyndun. Hver áhrifin yrðu á ferðamannastrauminn veit enginn. Svo yrði auðvitað verklega framkvæmdin á gjaldheimtunni líklega fyrirferðarmikil og eflaust ekki til ánægju fyrir gestina okkar (a.m.k. ekki ef það nær fram að ganga sem nú stefnir í). Það er því grafalvarlegt mál og alls ósættanlegt fyrir ferðþjónustuna þetta frumhlaup landeigenda m.a. við Geysi í Haukadal og á Mývatnssvæðinu, þar sem fyrirhugað er að hefja gjaldtöku af ferðamönnum nú í ár. Það hefur nú verið tilkynnt nánast fyrirvaralaust og án nokkurs samráðs eða í samvinnu við atvinnugreinina.

Hér mega hvorki geðþótti eða fljótfæmi, né þröngir sérhagsmunir ráða för og því hlýtur það að vera forgangsmál hjá stjórnvöldum að móta úthugaða og yfirvegaða heildarstefnu í þessum stóra og mikilvæga málaflokki (sem kannski má líkja við fiskveiðistjórnun) og hrinda henni hratt og örugglega í framkvæmd. Hún verður að vera í sem bestri sátt við hagsmunaaðila, og auðvitað með heildarhagsmuni þjóðarinnar að leiðarljósi – þ.e. að búa ferðþjónustunni það umhverfi og þann aðbúnað sem hún þarf til að verða enn mikilvægari fyrir þjóðarhag og að áframhaldandi uppgangur hennar verði í sátt við bæði land og ekki síður þjóð.

Höfundur er framkvæmdastjóri ferðaskrifstofunnar Katla DMI.

mbl.is/Árvakur hf. © 2015 | Hádegismóum 2, 110 Reykjavík | sími 569-1100